



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 13. júní 2019

USK2018010010

8.0

Borgarráð

Úlfarsárdalur - Miðstöð skóla, menningar og íþróttar.

Lagt er til að við nýja útisundlaug í Úlfarsárdal verði komið fyrir rennibraut samkvæmt meðfylgjandi tillögu VA arkitekta. Starfshópi um uppbygginguna verði falið að láta vinna nánari útfærslu á rennibraut og lendingarlaug í samráði við íþróttar- og tómstundasvið.

Frumkostnaðaráætlun vegna rennibrautar ásamt tilheyrandi stækkun á sundlaugarsvæði er 200 mkr. á verðlagi í júní 2019.

Greinargerð:

Upphafleg tillaga gerði ekki ráð fyrir að komið yrði fyrir rennibraut við nýja útisundlaug í Úlfarsárdal.

Rekstraraðila (ÍTR) hafa borist ábendingar um að það muni auka til muna afþreyingargildi hinnar nýju sundlaugar ef þar verði komið fyrir vatnsrennibraut og að sundlaugin yrði þá til muna fjölskylduvænni í hjarta íbúabyggðarinnar í Úlfarsárdal.

Tillagan gerir ráð fyrir braut sem byrjar í um 7 m hæð með tilheyrandi tröppuhúsi og nýrri lendingarlaug sunnan við bygginguna. Stækkun á sundlaugarsvæði er um 200 m².

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillaga að rennibraut við útisundlaug í Úlfarsárdal



Tillaga að rennibraut við útisundlaug í Úlfarsárdal

ÍTR hefur óskað eftir tillögum hönnuða að rennibraut við útisundlaug í Úlfarsárdal. Tillagan sem hér er sýnd gerir ráð fyrir rennibraut, tröppuhúsi og nýrri lendingarlaug sunnan við bygginguna. Tillagan sýnir braut sem byrjar í u.þ.b. 7 m hæð. Nánari útfærsla á formi brautar og stærð lendingarlaugar verður gerð í samráði við ÍTR og framleiðanda brautarinnar. Sundlaugarsvæðið stækkar við þetta um 200 m². Frumkostnaðaráætlun gerir ráð fyrir að framkvæmdin kosti um 200 milljónir.







VA ARKITEKTAR

